

Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundargerð 2. desember 2020

26. fundur 2018 – 2022

Fundarstaður: Héðinsminni og hófst fundur klukkan 17:00.

Mætt: Drífa Árnadóttir, Einar Gunnarsson, Eyþór Einarsson, Þorkell Gíslason og Hrefna Jóhannesdóttir.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2021-2024 (fyrri umræða)

Umræða um rekstur og framkvæmdir vegna fjárhagsáætlunar 2021.

Í tengslum við komandi fjárhagsáætlun fyrir 2021 er samþykkt að álagningarhlutfall útsvars verði hámarksútsvar, eða 14,52%.

Oddvita falið að endurskoða fasteignagjöld og reglur um afslátt af fasteignaskatti fyrir árið 2021 og leggja fyrir hreppsnefnd fyrir seinni umræðu.

Umræða um endurskoðun aðalskipulags Akrahrepps, húsakönnun og áframhaldandi skráningu fornminja í sveitarfélaginu.

Oddvita falið að skoða sorpeyðingargjald í tengslum við framtíðarskipan úrgangsmála í Akrahreppi í samstarfi við umhverfisnefnd.

2. Málefni sauðfjárþænda

Lesið bréf frá Jóni Kolbeini Héraðsdýralækni þar sem hann óskar eftir því að halda upplýsingafund með sauðfjárþændum í Skagafirði. Ákveðið að óska eftir aðkomu Félags sauðfjárþænda að málinu.

3. Héðinsminni

Erindi barst varðandi ósk um að taka húsið á leigu til nokkurra ára.

Hreppsnefnd vísar erindinu til húsnefndar til umsagnar.

4. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- Fundargerð 60. fundar stjórnar SSNV, 3. nóvember 2020.
- Fundargerðir stjórnar Norðurár bs.
- Samþykktir Norðurár bs
- Fundargerð 889. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Fundargerð 890. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

5. Erindi frá Grýtubakkahreppi

Í tölvupósti frá 1.12.2020 óskar Grýtubakkahreppur eftir stuðningi allra minni sveitarfélaga (<1000 íbúar) til að leggja fram eftirfarandi tillögu á landsþingi sambands íslenskra sveitarfélaga 18. desember nk.

Tillagan er svohljóðandi:

Tillaga:

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið 18. desember 2020, hvetur til eflingar sveitarstjórnarstigsins með sameiningum og stækkun sveitarfélaga. Þingið ítrekar stuðning við flest meginatriði stefnumótandi áætlunar um eflingu sveitarstjórnarstigsins sem Alþingi hefur samþykkt.

Landsþing minnir á mikilvæga liði í aðgerðaáætlun sem ekki er farið að vinna í, svo sem um styrkingu tekjustofna sveitarfélaga, tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni og fleiri mikilvæg atriði tillögunnar. Landsþing hafnar þó lögfestingu íbúalágmarks. Sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga og lýðræðislegan rétt íbúa sveitarfélaga ber að virða, óháð stærð þeirra.

Hreppsnefnd Akrahrepps styður tillöguna.

6. Önnur mál

Hér undir skýrsla oddvita

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 21.00